

## Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum.

Frá viðskiptanefnd.

1. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða VII í lögnum, sbr. 1. gr. laga nr. 61/2009, bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Með sömu skilyrðum er slitastjórn fjármálafyrirtækis heimilt að greiða skuldir vegna launa, þ.m.t. laun í uppsagnarfresti, frá gildistöku laga þessara fram til 31. desember 2009.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tildrög frumvarps þessa eru þau að slitastjórn SPRON tilkynnti starfsmönnum 30. júní sl. að þeir fengju ekki greidd laun í uppsagnarfresti þar sem slitastjórnin taldi sig ekki hafa lagaheimild til þess að greiða þau. Nefndin hefur leitað álits viðskiptaráðuneytis og réttarfarsnefndar og var það samdóma mat þessara aðila að heimildir skorti ekki svo framarlega sem fullnægt væri þeim skilyrðum að slitastjórn viðurkenni kröfurnar fyrir sitt leyti og telji víst að félagið eigi nægar eignir til að standa sömu hlutfallsleg skil á öllum forgangskröfum sem gætu notið sömu eða hærri stöðu í skuldaröð. Slitastjórnin hefur ekki fallist á þessa niðurstöðu stjórnvalda.

Í ljósi þess óhagræðis og tjóns sem þessi staða hefur þegar valdið ríflega 100 fyrrverandi starfsmönnum SPRON og til þess að komast hjá frekara tjóni sem málshöfðun hefur í för með sér með tilheyrandi drætti á greiðslu þessara launakrafna fyrrverandi starfsmanna telur nefndin ekki annað fært en að treysta þær heimildir sem slitastjórnin hefur samkvæmt framangreindu áliti, í þeirri von að hún muni nú nýta þær, og flytur því frumvarp þetta.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að heimildin verði tímabundin og gildi fram til 31. desember 2009 þar sem ætla má að unnt verði að ljúka því að gera upp launa- og forgangskröfur viðkomandi fjármálafyrirtækja fyrir þann tíma.